

Föstudagur 31. maí 2002

184. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 22/2002

## Ófullnægjandi verðmerkingar Heilsuhússins

### I.

#### Málavextir

Í kjölfar kvartana sem borist hafa Samkeppnisstofnun vegna ófullnægjandi verðmerkinga í versluninni Heilsuhúsinu, Skólavörðustíg 12, Reykjavík, sendi stofnunin bréf til Heilsu ehf. þann 18. apríl 2002. Í bréfinu eru rakin þau lög sem gilda um verðmerkingar og viðurlög við brotum á þeim. Bréfið hljóðar svo:

*„Samkeppnisstofnun hafa borist ábendingar um ófullnægjandi verðmerkingar í verslun Heilsuhússins, Skólavörðustíg 12, Reykjavík. Stofnunin kannaði því hvernig staðið er að verðmerkingum í ofangreindri verslun og í ljós kom að verulega skortir á að allar vörur séu verðmerktar í versluninni.*

*Í 31. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 segir; „Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með söluverði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Samkeppnistofnun getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“ Samkvæmt þessari grein laganna eru fyrirtæki skylduð að lögum til að verðmerkja vörur eða þjónustu sem seld er til neytenda þannig að auðvelt sé fyrir þá að sjá verðmerkinguna.*

*Samkeppnisstofnun bendir yður á að viðurlög við brotum á 31. gr. samkeppnislaga hafa með breytingu sem tók gildi 6. desember 2000 verið hert til muna. Þannig segir nú í 51. gr. laganna:*

*„Samkeppnisráð getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvörðunum skv. 2. mgr. 30 gr., ákvæðum 31. og 32. gr. eða reglum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sektir geta numið allt að 10 millj. króna.“*

*Með vísan til þess sem að framan greinir er yður hér með gefinn frestur til 6. maí nk. til þess að koma verðmerkingum í verslun yðar í rétt horf.“*

Bréfið var móttækið af Heilsu ehf. kl. 14:15 þann 18. apríl sl. Ekkert svar barst stofnuninni innan tilskilins frests. Var þá annað bréf sent fyrirtækinu hinn 8. maí 2002. Í bréfinu segir m.a.:

*„Með bréfi Samkeppnisstofnunar til Heilsu ehf. dags. 18. apríl 2002, er fyrirtækið upplýst um þau lög sem gilda um verðmerkingar. Jafnframt er Heilsu bent á viðurlög við brotum á sömu lögum. Í fyrrnefndu bréfi er Heilsu jafnframt gefinn frestur til 6. maí sl. til þess að koma verðmerkingum í Heilsuhúsinu, Skólavörðustíg 12, Reykjavík í rétt horf en að öðrum kosti verði gripið til viðeigandi aðgerða.*

*Samkvæmt athugun Samkeppnisstofnunar þ. 7. maí sl. hafði ekki verið farið að tilmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf, en samkvæmt samkeppnislögum ber fyrirtæki að verðmerkja vörur sínar með söluverði svo auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Í 5. gr. reglna um verðmerkingar segir m.a.: „Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Ef framangreint er ekki hægt má verðmerkja með hillumerki, skilti eða verðlista enda sé ávallt tryggt að neytendur eigi auðvelt með að sjá verðið“.*

*Samkeppnisstofnun virðist að verðmerkingar í fyrirtæki yðar brjóti í bága við 31. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og sbr. 5. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998.*

*Ef Heilsa ehf. vill koma að athugasemdum eða skýringum óskast þær sendar Samkeppnisstofnun fyrir kl. 16:00 þann 15. maí nk. Málið mun að þeim tíma liðnum lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar. Búast má við að viðurlögum skv. 51. gr. samkeppnislaga verði beitt.“*

Bréfið var móttækið af Heilsu ehf. kl. 14:55 þann 8. maí sl. Ekkert svar barst Samkeppnisstofnun heldur við þessu bréfi innan tilskilins frests.

Þann 17. maí sl. barst Samkeppnisstofnun eftirfarandi símbref frá Samtökum verslunarinnar:

*„Vísað er til bréfs stofnunarinnar, dags. 8. þ.m., til Heilsu ehf. varðandi meintar ófullnægjandi verðmerkingar í Heilsuhúsinu við Skólavörðustíg 12 í Reykjavík.*

*Fyrirtækið hefur valið þá leið varðandi verðmerkingar í ofangreindri verslun þ.e. að setja upp strikamerkjaskanna í stað beinna verðmerkinga í hillum. Vilja samtökin beina þeim tilmælum til stofnunarinnar að reglur um verðmerkingar vara verði túlkaðar rúmt en ekki verður séð að reglur um verðmerkingar komi í veg fyrir ofangreinda aðferð. Þröngar túlkanir á þessum reglum koma í veg fyrir tækniþróun sem er að ryðja sér rúms víða og má benda á að í Danmörku er notkun*

*strikamerkjaskanna að verða mun almennari og viðurkennd aðferð af hálfu yfirvalda. Má ennfremur benda á að viðskiptavinir hafa kunnað vel að meta þessa nýjung.*

*Í ljósi ofangreinds er því beint til stofnunarinnar að ekki verði gripið til frekari aðgerða.“*

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar könnuðu ástand verðmerkinga í Heilsuhúsinu við Skólavörðustíg þann 17. maí 2002 og var ástandið óbreytt. Enn var stór hluti vara verslunarinnar óverðmerktur.

## **II. Niðurstaða**

Á fundi samkeppnisráðs, þann 31. maí 2002, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

### **1.**

Í máli þessu er kvartað yfir því að það vanti verðmerkingar á vörur í versluninni Heilsuhúsinu við Skólavörðustíg 12 í Reykjavík. Hluti varanna sem er á boðstólum er verðmerktur samkvæmt lögum og reglum en hluti varanna er algjörlega óverðmerktur og þurfa viðskiptavinir verslunarinnar að fara með þær vörur að strikamerkjaskanna sem staðsettur er í versluninni til þess að fá upplýsingar um verð á viðkomandi vöru.

Eftir að athugasemdir höfðu borist til Samkeppnisstofnunar um ófullnægjandi verðmerkingar í ofangreindri verslun hefur starfsfólk stofnunarinnar ítrekað farið í fyrirtækið með reglur um verðmerkingar og tilmæli um að fyrirtækið fari að lögum og reglum. Munnlegum tilmælum stofnunarinnar hefur ekki verið sinnt og því var, eins og fram hefur komið, fyrirtækinu send bréf þar sem ítarlega voru rakin þau lög og reglur sem gilda um verðmerkingar og viðurlög við brotum á þeim.

### **2.**

Tilgangurinn með VII. kafla samkeppnislaga er að stuðla að og efla virka samkeppni með því að auka gagnsæi á markaðnum.

Í 31. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 segir m.a.: „Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með söluverði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það.“ Samkvæmt þessari grein laganna eru fyrirtæki skylduð að lögum til að verðmerkja vörur eða þjónustu sem seld er til neytenda þannig að auðvelt sé fyrir þá að sjá

verðmerkinguna. Þá segir ennfremur í sömu grein að Samkeppnisstofnun geti sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.

Samkeppnisstofnun gaf árið 1998 út reglur um verðmerkingar, reglur nr. 580/1998. Reglurnar eru settar til þess að tryggja að söluverð vöru og þjónustu sé ávallt sýnilegt neytendum. Í 1. gr. reglnanna segir m.a.: „Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja vöru og þjónustu beint til neytenda. Verðmerkja skal vöru hvar sem hún er til sýnis, þ.m.t. vöru í búðargluggum og sýningarkössum.“ Í 2. gr. sömu reglna eru almenn ákvæði um verðmerkingar og þar segir m.a.: „Skylt er að verðmerkja vöru og þjónustu með söluverði. Verðmerking skal vera skýr svo greinilegt sé til hvaða vöru verðmerkingin vísar. Auðvelt á að vera að sjá verð vöru og þjónustu á sölustað.“

Í 5. gr. sömu reglna er nánar kveðið á um verðmerkingu á vörum, en þar segir í 1. mgr.: „Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða söluveiningu.“ Í 3. mgr. sömu greinar segir: „Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Ef framangreint er ekki hægt má verðmerkja með hillumerki, skilti eða verðlista enda sé ávallt tryggt að neytendur eigi auðvelt með að sjá verðið.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga segir m.a. um gagnsæi markaðarins.:

*„Það er eitt af grundvallarskilyrðunum fyrir virkri samkeppni að kaupendur geti sjálfir áttáð sig á og haft nægilega yfirsýn yfir markaðinn. Það er ekki nóg að tryggja nægilegt framboð á markaðnum með því t.d. að uppræta samkeppnishömlur þegar viðskiptavinir, vegna skorts á yfirsýn, hafa ekki forsendur til að meta eða taka afstöðu til hinna ólíku tilboða á markaðnum.“*

Með lögum nr. 107/2000, um breytingu á samkeppnislögum sem tóku gildi þann 6. desember 2000, var viðurlögum við brotum á m.a. 31. og 32. gr. samkeppnislaga og reglum settum skv. þeim breytt. Þannig segir í athugasemdum með frumvarpinu um breytingar á viðurlögum 51. gr.:

*„Í ákvæðinu felst að samkeppnisráði verði veitt heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir ef fyrirtæki brjóta gegn banni eða fyrirmælum samkeppnisráðs skv. 2. mgr. 30 gr. ... Sama á við um heimildina til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á ákvæðum laganna um gagnsæi markaðarins...“*

Eftir breytinguna hljóðar því 51. gr. samkeppnislaga svo:

*„Samkeppnisráð getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvörðunum skv. 2 mgr. 30 gr., ákvæðum 31. og 32. gr. eða reglum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sektir geta numið allt að 10 millj. kr.“*

Að mati samkeppnisráðs er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem samkeppnislög heimila til að tryggja gagnsæi markaðarins.

### 3.

Í bréfi Samtaka verslunarinnar f.h. Heilsu er vísað til þess að í Danmörku sé notkun strikamerkjaskanna, í stað beinna verðmerkinga í hillum, að verða almennari og viðurkennd aðferð af hálfu yfirvalda. Samkeppnisstofnun hefur aflað sér upplýsinga frá Danmörku og hið rétta er að strikamerkjaskannar koma engan veginn í stað verðmerkinga á eða við vöru. Skannar, þar sem þeir kunna að vera, eru eingöngu ætlaðir sem viðbót við lögbundnar verðmerkingar til þess að tryggja að viðskiptavinir geti ávallt fengið upplýsingar um verð vöru áður en komið er að afgreiðslukassa.<sup>1</sup>

Þá er rétt að geta þess að íslensku reglurnar um verðmerkingar og mælieiningarverð taka mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/6/EB frá 16. febrúar 1998.<sup>2</sup> Þannig eru upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum settar í lög og samræmdar á Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrsta grein áður nefndrar tilskipunar hljóðar svo:

*„Markmið þessarar tilskipunar er að gefa fyrirmæli um að söluverð og verð á hverja mælieiningu vara, sem kaupmenn bjóða neytendum, verði tilgreint í því skyni að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð“.*

Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar segir m.a.:

*„Söluverð og einingaverð skal vera ótvírætt, auðsætt og auðlæsilegt.“*

### 4.

Í máli þessu liggur fyrir að núverandi verðmerkingar í versluninni Heilsuhúsinu, Skólavörðustíg 12, Reykjavík, eru allsendis ófullnægjandi og að mati samkeppnisráðs fela þær í sér skýrt brot á 31. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og 5. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998. Með vísan til þess og að ítrekuðum tilmælum Samkeppnisstofnunar, um að koma verðmerkingum í rétt horf, hefur ekki verið sinnt telur samkeppnisráð nauðsynlegt að beita viðurlögum skv. 51. gr. samkeppnislaga í máli þessu. Að mati ráðsins er hæfilegt í þessu máli að leggja 400.000 króna sekt á

<sup>1</sup> Sjá *Bekendtgørelse nr. 866 af 18. september 2000*. Sjá einnig *Vejledning til Bekendtgørelse om prismærkning*.

<sup>2</sup> Sjá Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum.

Heilsu ehf. vegna brota fyrirtækisins gegn 31. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og sbr. 5. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998. Búast má við því að viðurlög verði þyngd ef verðmerkingar Heilsu ehf. brjóti aftur gegn ákvæðum samkeppnislaga, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvörðunum teknum á grundvelli laganna.

### **III. Ákvörðunarorð:**

**„Verðmerkingar í versluninni Heilsuhúsinu við Skólavörðustíg 12, Reykjavík, brjóta gegn 31. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 5. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998.**

**Með heimild í 51. gr. samkeppnislaga skal Heilsa ehf. greiða stjórnvaldssekt að upphæð kr. 400.000.**

**Sektin skal greiðast ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.“**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. [13/2002](#)]*